

Ísafjarðarbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir
Stjórnsýsluhúsinu
Pósthólf 56
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 18. janúar 2016
UST201512-084/J.S.J.
09.04.01

Efni: Bakki í Brekkudal - umsókn um framkvæmdaleyfi

Umhverfisstofnun vísar til erindis skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar dags. 11. desember 2015 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um nytjaskógrækt á Bakka í Brekkudal í Dýrafirði.

Lýsing framkvæmdar

Fram kemur í umsókn að Vestinvest ehf. sækist eftir framkvæmdaleyfi fyrir 167 ha. nytjaskógrækt í landi Bakka í Brekkudal í Dýrafirði. Á landinu verði stunduð nytjaskógrækt, skjólbeltarækt, landgræðslurækt og verndarskógrækt.

Áhrifamat

Svæðið er á náttúruminjaskrá nr. 311, n.t.t. skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. Skilgreint náttúruminja svæði er allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 311 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsfár í Borgarfirði og með henni til sjávar. Verndargildi svæðisins er fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórkornu fjallendi, framhlaup og jökulminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur ekki upplýsingar um það að greining á gróðri hafi átt sér stað á fyrirhuguðu skógræktarsvæði og því ekki hægt að fullyrða um þær tegundir plantna sem fyrirfinnast og því samانبurður við útgefinn *válista plantna* ekki mögulegur. Til samانبurðar bendir stofnunin á að Náttúrustofa Vestfjarða (NV nr. 06-08) vann greiningu á gróðri árið 2007 við Drangahlíð í Dýrafirði vegna mögulegra Dýrafjarðargangna en það svæði gæti verið sambærilegt við það skógræktarsvæði sem hér um ræðir. Engar sjaldgæfar tegundir háplantna né tegundir af válista fundust við þá greiningu, né sjaldgæf eða heilstæð gróðurlendi samkvæmt skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða.

Umsögn

Almennt séð telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við val á landi undir skógrækt séu þau svæði sem áætlað er að rækta á greind, og landsvæði sem henta til skógræktar skilgreind, áður en ráðist er í stórfellda skógrækt. Greina þyrfti hverjar séu þær vistgerðir og landslandsgerðir sem finnast á þeim svæðum sem áætlað er að gróðursetja á þannig öruggt sé að það land henti vel til skógræktar og gangi ekki á önnur mikilvæg vistkerfi eða jarðmyndanir. Notkun innfluttra tegunda ætti að vera með þeim hætti að hún ógni ekki náttúrulegum vistkerfum og taki til fjölpættra landnýtingasjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að öllu raski á landi og/eða jarðveg við framkvæmdina verði haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun bendir á að í XII. kafla í 70. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vernda jarðmyndanir og vistkerfi og bendir á að í Stefnumótun stjórnvalda til ársins 2020, *Velferð til framtíðar*, í kafla 7 um vernd lífríkis Íslands, er fjallað um þau markmið sem Ísland hefur sett sér varðandi það að fjölbreytileika tegunda og vistgerða verði viðhaldið og forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að viðhalda þeim vistkerfum sem eru á Íslandi og að þau fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á gæði og staðsetningu skóga, í sátt við aðra umhverfisvernd. Stofnunin telur því að huga þurfi vel að samspili skóga og jarðmyndana sér í lagi á svæðum á náttúruminjaskrá þar sem verndargildi er m.a. jarðminjar.

Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á að skógrækt ætti ekki að skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska náttúrufrýrbrigðum sem njóta sérstakrar verndar s.k. X.kafla, 61.gr. laga um náttúruvernd nr.60/2013, þ.e.: votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, ásamt birkiskógum sem eru sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir.

Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skal skógrækt falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufrýrbrigðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr.60/2013. Einnig er tilgreint í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar að innan hverfisverndaðra svæða H1-H7 og H18 og á óbyggðum svæðum skulu eingöngu gróðursettar plöntur sem heyra til náttúrulegrar flóru svæðisins.

Að auki bendir Umhverfisstofnun á að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Eðlilegt væri að upplýsingar hefðu fylgt með umsókn, um fyrirhugað tegundaval til ræktunar.

Að því gefnu að skilyrði laga um náttúruvernd nr.60/2013 og ákvæði reglugerðar nr.583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda séu virt, auk þess sem skógræktin taki mið að því að skerða ekki útsýni eða jarðmyndanir svo sem jökulhlaup, metur Umhverfisstofnun það sem svo að framkvæmdin sem slík muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að ný lög um náttúruvernd eru gengin í gildi, *Lög um náttúruvernd nr.60/2013*.

Virðingarfyllt

JÓN SMÁRI JÓNSSON

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri